

Ályktun aðalfundar Einhverfusamtakanna 2026 – 28. apríl 2026

Aðalfundur Einhverfusamtakanna lýsir yfir þungum áhyggjum af fjölda barna sem hefur verið synjað um skólavist í sérhæfðri einhverfudeild í Reykjavík.

Ár eftir ár hefur fjöldi einhverfra barna verið synjað um skólavist í sérhæfðum einhverfudeildum í Reykjavík vegna plássleysis. Undanfarin ár hefur 30–38 börnum verið synjað árlega, þrátt fyrir að þau uppfylli öll þau þröngu skilyrði sem sett eru fyrir inngöngu og hafi verið metin í mikilli þörf fyrir úrræðið. Í ár fengu 30 einhverf börn slíka synjun hjá Reykjavíkurborg.

Synjunin byggir á því að ekki eru til næg pláss. Þörf barnsins er viðurkennd, en úrræðið er ekki tryggt. Í staðinn er ábyrgðin færð yfir á almenna skóla og fjölskyldur, þótt skólarnir hafi víða ekki mönnum, faglega umgjörð eða aðstæður til að mæta svo sérhæfðum þörfum. Afleiðingarnar lenda á barninu og fjölskyldunni: skertir skóladagar, vanlíðan, öryggisleysi og aukið álag á fjölskyldur sem þegar standa undir miklu álagi.

Skólakerfið á að laga sig að þörfum barna. Þegar þörf barns hefur verið viðurkennd ber kerfinu að tryggja úrræði sem mætir henni.

Samtökin telja jafnframt alvarlegt að foreldrar barna sem fá synjun standi eftir án skýrra svara og raunhæfra lausna. Haustið 2025 hafnaði skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar ósk um opinn fund með foreldrum barna sem höfðu fengið synjun. Slíkt vinnulag eykur vantraust og dregur úr möguleikum á samtali um lausnir.

Einhverfusamtökin skora á Reykjavíkurborg að bregðast án tafar við þessari grafalvarlegu stöðu og fjölga plássum í sérhæfðum skólaúrræðum fyrir einhverf börn. Jafnframt skora samtökin á ríki og sveitarfélög að tryggja að einhverf börn fái raunverulegt aðgengi að menntun, stuðningi og skólaumhverfi við hæfi, óháð búsetu.

Einhverfusamtökin skora jafnframt á frambjóðendur í sveitarstjórnarkosningum að gera foreldrum og almenningi skýra grein fyrir því hvernig þeir hyggjast tryggja að börn sem hafa verið metin í þörf fyrir sérhæfð skólaúrræði fái raunverulegan aðgang að úrræðum við hæfi í sínu sveitarfélagi.